

160. fundur Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund með Ingvari Sigurgeirssyni, vegna vinnu við endurskoðun skólastefnu Stykkishólmsbæjar, miðvikudaginn 27. janúar 2016 kl. 11.00 á skrifstofu skólastjóra.

Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Ingvar Sigurgeirsson, ráðgjafi, María Alma Valdimarsdóttir, Eypór Lárentínusson og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir frá skólanefnd Tónlistarskólans.

Formaður setti fund og gaf orðið laust til Ingvars, sem opnaði fundinn og sagði frá verkefninu.

Ingvar hittir alla hlutaðeigandi aðila, nemendur, starfsfólk, fulltrúa foreldra og nefndir. Kallað er eftir mati hlutaðeigandi á skólastarfinu innan hvers skóla fyrir sig.

Ferlið er þannig að innan hvers hóps eru ræddar sömu spurningarnar: mat á íþrótt og skólamálum eins og er, hvað eruð þið ánægð með/óánægð með/hvar liggja sóknarfæri. Lætur orðið ganga: nefndu 1-3 sem þú ert ánægður með í skólanum, o.s.frv. Heldur svo útkomunni til haga, því endurskoðunin grundvallast m.a. á mati á því hvað fólk hefur. Sami háttur hafður á við það sem betur má fara og sóknarfærin.

Ingvar lét orðið ganga hringinn meðal nefndarmanna, kallaði eftir því hvað það er sem nefndarmenn eru ánægðir með, það sem betur má fara og sóknarfæri:

Nefndarmenn voru spurðir um hvað þeir væru sáttir við í starfinu:

- Öflugt starf í skólanum ... höfum náð að halda úti flottri lúðrasveit ... óvenjulegt fyrir fámennit sveitarfélag ... fjölbreytt framboð þrátt fyrir smæð ... góðir kennarar ...
- Góðir kennarar og starfsmannavelta lítil. Skólanum hefur haldist vel á fólki.
- Tónfundir og tónleikar vel heppnaðir og vel sóttir.
- Við erum stollt af lúðrasveitinni ... öflugt starf sem setur svip á bæinn ... þroskar nemendur ... virkilega gaman ... öflugt starf miðað við stærð bæjarfélagsins ... sveitin skiptir okkur miklu máli.
- Get vitnað um góða kennslu af eigin reynslu.
- 60% nemenda eru í tónlistarnámi sem er mjög góð þátttaka ...

Það sem betur má fara – óskir

- Húsnæðið rúmt en hljóðeinangrun ekki góð.
- Veikileiki að tónmennt skuli ekki kennd í grunnskólanum. Af því leiðir m.a. að nemendur koma í Tónlistarskólann án þess að hafa nokkurn grunn.
- Gaman væri að geta komið á barnakór ...
- Ekki er kennt á strokhljóðfæri .
- Fámennið setur ýmsar skorður, t.d. í tengslum við lúðrasveitaræfingar þar sem saman eru þeir sem eru með mikla reynslu og svo nýliðar.
- Ekki val hvort þú ert í lúðrasveit, ef þú lærir á blásturshljóðfæri

- Sóknarfæri gætu legið í meiri hópkenndu (félagslega jákvætt og hagkvæmt).
- Reyna þarf aftur að bjóða hljómsveitarrval í grunnskólanum.
- Draumsýnin er að sjá hinn samfellda skóladag ... krakkarnir séu búnir að ljúka öllu sínu kl. 16.00 ...
- Áriðandi er að reyna að samræma vel allar dagskrár fyrir börn og ungmenni.
- Efla þarf gagnkvæma virðingu milli þeirra aðila sem vinna að málefnum barna. Áriðandi er að eyða togstreitu.

Umræða og útkoma þessa fundar fer svo í framhaldinu til áframhaldandi vinnslu innan stýrihóps skólastefnu Stykkishólms.

Fundi slitið kl. 12:05.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt samhljóða.
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign).